

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 13. júní 2018

## Fundargerð

Fundurinn var haldinn 13. júní 2018 á Hesti og hófst kl. 11.00.

**Mættir:** Guðný Helga Björnsdóttir, formaður, Baldur Helgi Benjamínsson, Gunnar Kr. Eiríksson, Þórarinn Leifsson, Sveinbjörn Eyjólfsson, Þóroddur Sveinsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Margrét Gísladóttir og Pétur Diðriksson boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Framtíð Birtingssona
3. Yfirlit frá Nautastöðinni
4. Niðurstöður kynbótamats
5. Tilnefningar áheyrnarfulltrúa
6. Verklagsreglur fagráðs
7. Ályktanir frá aðalfundi LK
8. Aðild að ICAR
9. Önnur mál

### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Guðný Helga, formaður, setti fund og stýrði honum.

Fundargerð, dags. 30. apríl 2018, samþykkt án athugasemda, en áður hafði hún verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

### 2. Framtíð Birtingssona.

Guðmundur fór yfir minnisblað með samantekt á athugasemdum er varða júgur- og spenagerð úr kúaskoðun á dætrum sona Birtings. Þar kemur ekki fram nein óeðlilega há tíðni spenagalla hjá dætrum þessara nauta sem eru sjö talsins. Þá hafa ekki komið fram nein tilfelli fláttu þar sem ættir Birtings og Umba liggja saman.

Fagráð telur engar forsendur fyrir öðru en að setja syni Birtings í notkun miðað við fyrirliggjandi gögn og niðurstöður úr kúaskoðun þar sem engar vísbendingar hafa komið fram um að synir Birtings beri erfðagallann fláttu.

### 3. Yfirlit frá Nautastöðinni.

Sveinbjörn dreifði yfirliti yfir naut í sæðistöku og fór yfir það. Í sæðistöku núna eru naut fædd fyrri hluta ársins 2017. Þá dreifði Sveinbjörn yfirliti um sæðisbirgðir úr nautum í dreifingu sem og nautum sem bíða afkvæmadóms. Farið að ganga nokkuð á birgðir úr nautsfeðrum en nóg til úr öðrum nautum.

Þá sagði Sveinbjörn frá því að kominn væri dýralæknir til starfa á stöðinni, Harpa Ósk Jóhannesdóttir og þá væri Sindri Gíslason, fjósameistari, að hætta störfum, hann er að flytja til Noregs og hefja störf á nautastöð Geno á Store Ree. Búið væri að ráða fjósameistara í stað Sindra, Írisi Þórlaugu Ármannsdóttur.

Sveinbjörn yfirgaf fundinn að loknum þessum lið og Þóroddur kom til fundar.

#### 4. Niðurstöður kynbótamats.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem keyrt var núna í maí. Að þessu sinni var kynbótamat fyrir afurðir og frumutölu keyrt með nýju mælidagalíkani og niðurstöður því með nokkrum frávikum frá eldra mati. Þar sem um aðra aðferðafræði er að ræða er það eðlilegt.

Ákveðið að setja eftirtalin naut í dreifingu sem reynd naut: Bakkus 12001, Pipar 12007, Kraft 12024, Loka 12071, Sjarma 12090, Dúett 12097, Polka 12099, Jörfa 13011, Víking 13017 og Hálfmána 13022.

Áfram verði eftirtalin naut í notkun: Fossdal 10040, Kústur 10061, Dropi 10077, Stólpi 11011, Skalli 11023 og Skellur 11054.

Úr eftirtöldum nautum var ákveðið að henda öllu sæði: Ottó 11058, Tandra 11068, Tárusi 12004, Tara 12006, Pela 12008, Rafnari 12014, Ráða 12017, Eyr 12018, Penna 12021, Eitli 12022, Skrámi 12023, Spenni 12027, Ninna 12040, Apolló 12042, Hýsli 12044, Gandálfi 12081 og Eldari 12089.

Helmingi alls sæðis úr Milla 12051 verði hent og geymt eitt box úr Bjór 12028 og Neró 12029.

#### 5. Tilnefningar áheyrnarfulltrúa.

Matvælastofnun hefur tilnefnt Sigrúnu Bjarnadóttur, Landbúnaðarháskóli Íslands hefur tilnefnt Þórodd Sveinsson sem áheyrnarfulltrúa. Þau eru boðin velkomin til áframhaldandi starfa.

#### 6. Verklagsreglur fagráðs.

Verklagsreglurnar hafa verið sendar stjórnnum Bændasamtaka Íslands og Landssambands kúabænda til staðfestingar. Stjórn LK staðfesti þær á fundi sínum 9. maí s.l. en stjórn BÍ mun taka þær fyrir á næsta fundi.

#### 7. Ályktanir frá aðalfundi LK.

Landssamband kúabænda hefur beint eftirtöldum ályktunum aðalfundar Landssambands kúabænda 2018 til fagráðs í nautgriparækt til meðhöndlunar og úrvinnslu:

##### Endurskoðun á aðbúnaðarreglugerð nautgripa.

*Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn á Selfossi 6.-7. apríl 2018 beinir því til stjórnar LK að fylgja eftir ályktun frá aðalfundi samtakanna árið 2017 og endurskoða aðbúnaðarreglugerð nautgripa í samstarfi við fagráð nautgriparæktarinnar.*

**Greinargerð:** *Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn á Akureyri 24. - 25. mars 2017 beindi því til stjórnar LK að lagt verði mat á hvernig aðbúnaðarreglugerð nautgripa hafi reynst með tilliti til þess hvort þörf sé á breytingum. Aðbúnaðarreglugerð hefur verið tekin til umræðu innan Fagráðs nautgriparæktarinnar og ljóst að þörf er á breytingum svo reglugerðin virki sem skildi.*

Eftirfarandi var bókað og ákveðið að koma á framfæri við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið: „Fagráð í nautgriparækt hefur oft tekið reglugerð nr. 1065/2014 um velferð nautgripa til umfjöllunar á fundum sínum. Í markmiðum reglugerðarinnar segir: „Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði allra nautgripa með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Leitast skal við að nautgripir geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur. Í reglugerðinni koma fram lágmarkskröfur um einstök atriði.“

Það er álit fagráðs í nautgriparækt að reglugerðin og ákvæði hennar nái ekki að uppfylla tilgang hennar nægjanlega vel og hún sé í mörgum atriðum óskýr fyrir bændur, hönnuði fjósa og eftirlitsaðila. Fagráð vill því skora á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir endurskoðun á reglugerðinni með það að markmiði að færa hana í nútímalegra horf og skýra einstök

ákvæði hennar. Aðalmarkmið þessarar endurskoðunar verði að tryggja velferð nautgripa og eftirlit verði í auknum mæli leiðbeinandi fyrir alla aðila.“

### Ræktunarmarkmið nautgriparæktarinnar.

*Aðalfundur Landssambands kúabænda, haldinn á Selfossi 6.-7. apríl 2018, skorar á fagråd í nautgriparækt að leggja aukna áherslu á gæði júgurs, spena og skapgerðar í ræktunarmarkmiðum nautgriparæktarinnar.*

**Greinargerð:** *Með mikilli fjölgun róþóta við mjaltir hefur það orðið miklu mikilvægara að júgur og spenagerð sé vel löguð og rétt staðsett. Afurðir hafa á sama tíma stóraukist og því er full ástæða til að nota tækifærið og bæta júgur og spena en illa settir spenar og síð júgur er oft helsta ástæða fyrir erfiðleikum við róþótamjaltir.*

Eftirfarandi var bókað og ritara falið senda LK: „Fagråd tekur undir ályktun aðalfundar LK 2018 um að þörf sé að leggja mikla áherslu á júgur, spena og mjaltir í ræktunarmarkmiði íslenska kúastofnsins og hefur þegar brugðist við með vali á nautum með hliðsjón af þessu. Fagråd bendir hins vegar á að vægi þessara eiginleika verður ekki aukið án þess að ganga á vægi annarra mikilvægra eiginleika. Breytingar á vægi júgurs og spena í heildareinkunn og þar með ræktunarmarkmiðinu bíður hins vegar þess að vinnu við hagrænt vægi eiginleika ljúki.“

Þóroddur fór yfir þær ályktanir aðalfundar LK sem sendar voru Landbúnaðarháskóla Íslands sem lúta að eflingu menntunar og rannsókna. Þóroddur sagði skólann sjálfan hafa áhyggjur en aðstaða og fjármagn væri af skornum skammti auk þess sem erfitt væri að manna stöður á háskólastigi. Fagråd tekur undir áhyggjur Þóroddar.

### 8. Aðild að ICAR.

Guðmundur fór yfir hlutverk ICAR (International Committee for Animal Recording) sem leikur æ stærra hlutverk í alþjóðlegum samskiptum og stöðlum varðandi skýrsluhald í nautgriparækt. Fagråd telur að æskilegt sé að Ísland sé aðili að þessum samtökum og stefna beri að því að skýrsluhaldið hérlandis fái ICAR-vottun á næstu árum. Samþykkt að senda RML erindi þar að lútandi og óska eftir því að RML gangi í ICAR með það að markmiði að auka alþjóðlegt samstarf og gæði skýrsluhalds hér á landi. Ritari sendi RML bréf þess efnis.

### 9. Önnur mál.

Fjallað var um seinagang við útreikning á kynbótamati en það hefur oftast en ekki tafist verulega á undanförunum misserum.

Eftirfarandi bókun samþykkt og ritara falið að senda Bændasamtökum Íslands: „Fagråd í nautgriparækt vill koma á framfæri þungum áhyggjum og óánægju með seinagang við útreikning á kynbótamati í nautgriparækt og hægum framgangi Huppuverkefna hjá Tölvudeild BÍ. Því miður virðast tafir við útreikninga á kynbótamati fremur vera orðin regla en undantekning og við slíkt verður tæpast unað til frambúðar. Þá hefur vinna við nautgriparæktarkerfið Huppu nánast legið niðri það sem af er árs og lítið mjakast áfram þrátt fyrir beiðnir um að úr verði bætt. Jafnframt upplýsir fagråd um þá fyrirætlan sína að fjölga keyrslum á afurðamati í allt að fjórum sinnum á ári vegna þess að með mælidagalíkani bætist örar við afurðaupplýsingar dætrahópa nautanna en áður.“

Þá var fjallað um lokaskýrslu vegna verkefnisins „Samyrkjufjós í mjólkurframleiðslu“.

Eftirfarandi bókun var samþykkt: „Fagråd í nautgriparækt hefur farið yfir og metið lokaskýrslu vegna verkefnisins „Samyrkjufjós í mjólkurframleiðslu“. Í umsókn vegna verkefnisins kom fram að markmið þess væri að safna saman upplýsingum um kosti og galla þess að reka samyrkjufjós í

mjólkurframleiðslu. Tekið var fram í umsókn að stilla ætti upp mögulegum sviðsmyndum, vinna rekstrar- og fjármögnunaráætlanir, leggja mat á heppilegt rekstrarform, vinnuframlag þáttakenda, meðferð framleiðsluréttar, beingreiðslna og stofnframlaga auk þess að leggja mat á ýmsa framkvæmdaþætti við slíkan samrekstur. Það er mat fagráðs að lokaskýrslan hvorki uppfylli né sé í samræmi við það sem fram kom í umsókn og því getur fagráð ekki fallist á að verkefninu sé lokið í samræmi við það sem lagt var upp með.“

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Guðný Helga Björnsdóttir  
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson  
(sign.)

Gunnar Kr. Eiríksson  
(sign.)

Þórarinn Leifsson  
(sign.)

Baldur Helgi Benjamínsson  
(sign.)

Þóroddur Sveinsson  
(sign.)

### Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 30. apríl 2018
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í maí 2018
3. Ályktanir frá aðlafundi LK
4. Minnisblað um tíðni júgur- og spenagalla hjá dætrum Birtingssona
5. Minnisblað um ICAR